

Bókun bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar Akraneskaupstaðar 2026-2029

Í fjárhagsáætlun ársins 2026 er gert ráð fyrir að rekstrarafkoma A- hluta bæjarsjóðs verði jákvæð um tæplega 150 milljónir króna og að rekstrarafkoma A- og B- hluta verði jákvæð um samtals rúmar 92 milljónir króna. Á sama tíma gerir fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun ráð fyrir fjárfestingum og framkvæmdum upp á rúmlega 980 milljónir króna, en eftir nánast algert framkvæmdastopp á árinu 2025 fetum við okkur hægt og rólega af stað aftur í að ráðast í mikilvægar og tímabærar framkvæmdir. Gleymum því þó ekki að á undanförnum árum hefur Akraneskaupstaður farið í gegnum eitthvert mesta framkvæmdaskeið í sögu kaupstaðarins og það mun taka tíma að ná aftur fyrri styrk hvað fjárfestingargetu bæjarsjóðs varðar.

Gjaldskrár kaupstaðarins hækka almennt um 3,5% þann 1. janúar 2026 nema annað sé sérstaklega tilgreint í viðkomandi gjaldskrá, en með þessari hóflegu hækkun stendur Akraneskaupstaður við skuldbindingar sínar, sem tengjast gildandi kjarasamningum á vinnumarkaði.

Álagningarprósenta fasteignagjalda verður óbreytt frá fyrra ári. Um árabíl gekk Akraneskaupstaður mjög langt í að lækka þessa skattheimtu og þannig var á árinu 2017 álagningarprósenta fyrir íbúðarhúsnæði 0,3611% en verður 0,2714% vegna ársins 2026. Hámarks álagningarprósenta samkvæmt lögum er 0,5% og því er óhætt að segja að Akraneskaupstaður hlífi íbúum sínum verulega við þessari gjaldheimtu og afsali sér þannig talsverðum tekjum með lægri prósentu en lög gera ráð fyrir.

Staðan á íslensku efnahagslífi og alþjóðlegu hefur ekki gert rekstrarumhverfi sveitarfélaga auðvelt og sérstaklega ekki þeirra sem þurft hafa að standa í miklum fjárfestingum eins og Akraneskaupstaður hefur verið í. Við trúðum því fyrir ári síðan og trúum því enn nú, að nú sjái hugsanlega fyrir endann á háu vaxtastigi og hárri verðbólgu og batamerki eru sjáanleg í rekstrarumhverfinu. Við munum samt fara varlega og gerum til að mynda ekki ráð fyrir neinum tekjum af uppbyggingu eða lóðasölu á nýju ári. Þetta þýðir ekki að við höfum ekki trú á því að fólk hafi áhuga á að byggja húsnæði á Akranesi, heldur þýðir þetta einfaldlega að hver einasta króna sem kemur inn vegna uppbyggingar á árinu 2026 mun flokkast sem tekjur umfram áætlun. Mörg sveitarfélög setja áætlanir sínar fram með þessum hætti og við teljum það ákveðið hraustleikamerki á bæjarsjóði Akraness að við skulum geta sett okkar áætlun fram á sama hátt.

Nokkrar breytingar urðu á áætluninni á milli umræðna í bæjarstjórn og má þar helst nefna að áætlaðar tekjur vegna greiðslu arðs frá Orkuveitu Reykjavíkur eru lækkaðar um 110 milljónir, bætt var við útgjöldum vegna innleiðingar rafræna klippikorta á gámasvæði og vegna lagfæringa á Grundaseli, en það er framkvæmd sem nauðsynlegt er að ráðast í hið fyrsta. Einnig var bætt við fjármunum vegna leikvalla og vegna lóðar Grundaskóla í framkvæmdaáætlun, svo nokkuð sé nefnt. Þá hækka tekjur vegna gatnagerðargjalda um 130 milljónir, en þar er um að ræða bókfærslu á greiðslum sem þegar hafa skilað sér til bæjarins.

Við fyrri umræðu fjárhagsáætlunar lögðu bæjarfulltrúar Framsóknar og frjálsra fram tillögur vegna fjárhagsáætlunar í 9 tölusettum liðum. Reynt var að bregðast við þeim eftir bestu getu á milli umræðna og allnokkrar þeirra breytinga sem urðu á milli umræðna má rekja til þessara tillagna. Þá má einnig nefna að nú við síðari umræðu er gert ráð fyrir fjármunum til veitingar stofnframlaga til kaupa eða uppbyggingar á félagslegu húsnæði, með það fyrir augum að Akraneskaupstaður geti í kjölfarið selt einhverjar þeirra íbúða sem eru í hans eigu. Einnig var vinnu við tillögu að nýju skipuriti Akraneskaupstaðar lokið og málinu skotið til bæjarstjórnar til umræðu og afgreiðslu. Sumar af tillögunum snúa að hlutum sem þegar eru til umræðu og vinnslu í stjórnsýslu bæjarins og aðrar eru þess eðlis að þær þurfa lengri tíma og umræðu en svo að raunhæft væri að klára þær allar fyrir síðari umræðu um fjárhagsáætlun.

Við, bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar þökkum bæjarfulltrúum Framsóknar og frjálsra fyrir fyrrnefndar tillögur og jafnframt þökkum við fyrir gott samstarf í ráðum og nefndum við gerð fjárhagsáætlunar árána 2026 – 2029. Samstarf meiri- og minnihluta hefur verið gott við þessa áætlunargerð og við vitum að það verður áfram gott við að framfylgja áætluninni á næsta ári.

Við gerð þessarar fjárhagsáætlunar höfðum við tvö meginmarkmið að leiðarljósi. Annars vegar að tryggja jákvæðan rekstur á bæjarsjóði og hins vegar að standa vörð um alla þá þjónustu sem kaupstaðurinn veitir, en hún er og hefur um langa hríð verið framúrskarandi í öllum samanburði. Með þeirri fjárhagsáætlun sem hér er lögð fram teljum við okkur stuðla af fremsta megni að því að bæði þessi markmið náist. Áætlunin er varfærin, enda gerum við ekki ráð fyrir neinum tekjum umfram það sem við getum verið nokkuð örugg um að muni skila sér, en hins vegar gerum við ráð fyrir öllum þeim útgjöldum sem við getum búist við á þessum tímamarki.

Akraneskaupstaður er með mörg tækifæri og möguleika fyrir framan sig sem byggist á góðum og skynsömum rekstri og ákvarðanatökum undanfarinna ára. Fari allt sem horfir og eftirspurn eftir lóðum glæðist að nýju, þá verðum við tilbúin með fjölda lóða fyrir bæði íbúðarhúsnæði og fyrirtæki og góða innviði til að taka við fólksfjölgun.

Að lokum þökkum við bæjarstjóra, sviðsstjórum, fjármálastjóra og öðrum embættismönnum Akraneskaupstaðar fyrir afar gott samstarf og þeirra mikla vinnuframlag við gerð þessarar fjárhagsáætlunar.

Einar Brandsson

Valgarður Lyngdal Jónsson

Guðm. Ingbór Guðjónsson

Jónína Margrét Sigmundsdóttir

Ragnheiður Helgadóttir

Kristinn Hallur Sveinsson